

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.  
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamál í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru hátt í 400 en starfsmenn allir kringum 600. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunnaskoli.is](http://www.öldutunnaskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 9. TBL.

12. OKTÓBER 2007

## Starfsmannabreytingar á Skólaskrifstofu í haust

Starfsmannabreytingar verða nokkrar á Skólaskrifstofunni í haust.

Elin Jónasdóttir, sálfræðingur og ráðgjafi- og þróunarfulltrúi á Skólaskrifstofunni er hætt störfum og starfar nú sjálfstætt sem sálfræðingur. Hún á langan og góðan starfsferil á Skólaskrifstofunni og er henni óskað velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Með brotthvarfi Elínar verður margvíslegum verkefnum hennar dreift á nokkra aðila og skipulagi á Skólaskrifstofu breytt til að auka samræmi milli þjónustu við leik- og grunnskóla. Þannig hefur verið ráðinn sérkennsluráðgjafi fyrir grunnskóla en sambærileg staða hefur verið fyrir leikskólana. Nýráðinn sér-

kennsluráðgjafi grunnskóla er Helgi Gíslason, sérkennari. Hann kemur ekki að fullu til starfa fyrr en um áramót.

Eiríkur Þorvarðarson, sálfræðingur hefur verið ráðinn til starfa á Skólaskrifstofuna til að hafa yfirumsjón og umsjúla með málefnum sálfræðiþjónustu grunnskóla, en hjá leikskólunum er fyrir svipað fyrirkomulag á skrifstofunni. Eiríkur mun einnig sinna sálfræðiþjónustu út í skólum og mun hann m.a. annars þjónusta nemendur Hraunvallaskóla.

Einn fulltrúi á skrifstofu hætti störfum í haust, Vigdís Klara Aradóttir og í hennar stað var ráðin Rut Sigurvinsdóttir. Hún er þegar komin til starfa.



Elin Jónasdóttir, sálfræðingur, lét af störfum á Skólaskrifstofunni í haust og gerðist sjálfstætt starfandi sálfræðingur.

## Tónlist fyrir alla - Skært lúðrar hljóma

Haustið 2007 hófst að nýju verkefnið *Tónlist fyrir alla* í grunnskólum Hafnarfjarðar eftir nokkurra ára hlé. Í því felst að tónlistarfólk heimsækir nemendur í grunnskólunum og flytur tónlist á sínu sérsviði. Ævinlega er valið tónlistarfólk sem er mjög fært á sínu sviði og hefur mikið að færa nemendum.

Þetta haustið er nemendum í Hafnarfirði boðið upp á Hljómskálakvintett en þar eru á ferð fimm málmblásarar úr Sinfóníuhljóm sveit Íslands. Þeir er trompetleikararnir Ásgeir Steingrímsson og Sveinn Birgisson, hornleikarinn Þorkell



Úr kennslustund í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar á saxafón.

## Skólaþróun

Jóelsson, básúnuleikarinn Oddur Björnsson og túbuleikarinn Bjarni Guðmundsson.

Þeir standa fyrir tónlistarprogramminu *Skært lúðrar hljóma*. Dagskrá þess er fjölbreytt og skemmtileg. Lúðrar eru kynntir til sögunnar af öllum stærðum og gerðum og nemendum er boðið að taka þátt í kynningunni með söng. Kvintettinn fer í alla grunnskóla í Hafnarfirði fyrir jól og er þegar búinn að fara í suma skólana.

Það er Egill R. Friðleifsson, tónmenntakennari og námsstjóri í tónlist á Skólaskrifstofunni sem heldur utan um verkefnið í Hafnarfirði.



## FRÉTTIR

úr  
stjórn-  
kerfi

### Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 8. október  
144. fundur:

- Kynnt ný dagsetning á skólamálfingi sambands íslenskra sveitarfélaga sem verður 30. nóvember nk.
- Lagt fram bréf um samkomulag ríkis og sveitarfélaga um heilsdagsvistun fatlaðra nemenda í 5.-10. bekk. Skoðað frekar.
- Farið yfir fjárhagsstöðu grunnskólanna fyrstu níu mánuði rekstrarársins.
- Vettvangsferðir grunnskóla. Lagt fram nýtt minnisblað. Engar ákvarðanir teknar.
- Lögð fram lokaskýrsla um grunn- og tónlistarskóla í Hamranesi auk samantektar úr skýrslunni. Vísað til framkvæmdaráðs.
- Lögð fram lokaskýrsla stýrihóps um markmið og áætlanagerð fyrir verkefnið **Allt hefur áhrif ... einkum við sjálf** til ársins 2010.

Næsta blað *Skólavefritsins* er væntanlegt föstudaginn 19. október 2007

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfni

- » Árlegt málþing KHÍ verður haldið fimmtudag og föstudag í næstu viku og aðeins eftir hádegi. Yfirskrift þingsins í á er Maður brynir mann - samskipti, umhyggja, samabyrgð. Það hefst kl. 14 á fimtudeginum og stendur til kl. 17.15 og hefst aftur á föstudegi kl. 14 og lýkur kl. 17 með lokahófi. Málþingið skiptist bæði í föst erindi og málstofur þar sem hægt er að velja úr nokkrum verkefnum til að kynna sér. Skráning fer fram á vef KHÍ, [www.khi.is](http://www.khi.is).
- » Samtök um skólaþróun standa fyrir ársþingi og aðalfundi föstudaginn 9. nóvember og laugardaginn 10. nóvember. Ráðstefnan er opin öllum og því ekki eingöngu fyrir félagsfólk. Þema ársþingsins er: **Mikilvægi hreyfingar og leikja í skóla og uppeldisstarfi**. Hægt að sækja aðeins hluta ársþingsins og greiða þátttökugjald í samræmi við það. Skráning er á vef samtakanna, [www.skolathroun.is](http://www.skolathroun.is), þar sem einnig er að finna nánari upplýsingar um ársþingið.



Námskeið fyrir verkefnisstjóra forystuskóla í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar hófst í vikunni. Myndin er tekin af verkefnisstjórn og skólastjórnendum sem sóttu fyrsta tímenn.

## Kennarinn í sviðsljósinu

Fræðiefni vikunnar er stutt fræðigrein og er 8 síðna skjal sem nefnist **Career-long Teacher Development: Policies that Make Sense**. Meginviðfangsefni greinarinnar er að skoða hvaða aðgerðir og stefnumörkun opinber stjórnvöld eiga að hafa í skólamálu til að vinna að góðu skólasterfi. Greinin er unnin undir áhrifum frá viðhorfum bandaríks prófessors, Linda Darling-Hammond sem starfar við



kennaradeild Stanford University. Í greininni er aðallega fjallað um það hvaða skilyrði þurfi að skapa til að til verði öflugt og gott skólasterf. Þar er lögð áhersla á að mikilvægi kennara og hvernig þeir verði eflir í starfi, m.a. með símenntun og markvissri sýn á skólaþróun. Þá er verið að fjalla um þekkingu kennara, fagleg viðhorf, starfsþróun og vinnubrögð í skólasterfi. Stutt en áhugaverð grein.

VEFSLÓÐ: [http://www.wested.org/online\\_pubs/teacher\\_dev/TeacherDev.pdf](http://www.wested.org/online_pubs/teacher_dev/TeacherDev.pdf)

## Námskeið í næstu viku

mánudagur 15. okt.

- Námskeið 405: **Lífsleikni með unglingum á tímamótum** kl. 15-16.30 Menntasetrinu við Lækinn. (1. tími.)  
NÁMSKEIÐIÐ FELLUR NIÐUR SÖKUM ÓNÓGRAR ÞÁTTTÖKU.

Þriðjudagur 16. okt.

- Námskeið 505: **Spuna-, söng- og hreyfileikir** kl. 15-16.30 í Öldutúnnsskóla. (2. tími.)
- Námskeið 603: **Nýliðinn - Samtalstækni og sjálfsvernd**, kl. 14.30-16.30 á Skólaskrifstofu 3. hæð. (2. tími.)
- Námskeið 404: **Framsögn og munnleg tjáning** kl. 15-16.30 á Skólaskrifstofunni, 2. hæð. (Fyrri tími.)
- Námskeið 501: **Markviss myndörvun með börnum** kl. 16-19 í Múkki gallerí, Fornubúðum 8. (Seinni tími.)

miðvikudagur 17. okt.

- Námskeið 203: **Gagnkvæm handleiðsla** kl. 9-11.30 á Skólaskrifstofunni, 2. hæð. (Seinni tími.)
- Námskeið 101: **Kennsla tvítyngdra nemenda í byrjendanámi** kl. 15-17 í Lækjarskóla. (3. tími.)

fimmtudagur 18. okt.

- Námskeið 304: **Kennsluefnis- og leikjagerð fyrir vefinn** kl. 15-18 í Menntasetrinu við Lækinn (1. tími.)